



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

TILLAGA UM AÐ BREGÐAST ÞURFI STRAX VIÐ KENRARASKORTI

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 hvetur ríki og sveitarfélög til að bregðast strax við þeim alvarlega kennaraskorti sem blasir við í grunnskólum landsins á næstu árum verði ekkert að gert. Fram kemur bæði í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem og nýlegum rannsóknum að sterkar vísbendingar séu um alvarlegan kennaraskort innan fárra ára. Jafnvel þótt kennaranemum muni fjölga margfalt þá dugir það ekki til. Varað er við fráleitum hugmyndum um styttingu kennaranáms úr fimm árum í þrjú sem lausn á yfirvofandi vanda.

Eitt af meginverkefnum ríkis og sveitarfélaga verður að vera að tryggja að þeir sem mennta sig til kennslu í grunnskóla hefji þar störf og haldist í starfi. Því ber að fagna að nýr menntamála-ráðherra hefur sýnt málinu skilning og sagt þetta vera eitt af forgangsverkefnum í menntamálum.

Ef ekki á illa að fara þarf að laða til starfs þá sem nú þegar hafa réttindi til kennslu, en hafa valið sér annan vettvang. Gera þarf laun grunnskólakennara samkeppnishæf við laun annarra sérfræðinga og laga stórlega starfsaðstæður þeirra. Með þessum hætti má snúa við hinni alvarlegu þróun og yfirvofandi kennaraskorti.

Málið þolir enga bið.